

Ásta Svavarsdóttir

Íslenska við aldahvörf. Erlend máláhrif í lok 19. og 20. aldar

- Rannsóknasjóður Háskóla Íslands
 - 2010: 775 þús.
 - 2011: ?
- Rannsókn á erlendum máláhrifum á s.hl. 19. aldar og samanburði við niðurstöður úr sambærilegri rannsókn á málinu á s.hl. 20. aldar.

Markmið rannsóknarinnar


(skv. umsókn)

- að auka þekkingu á erlendum máláhrifum á s.hl. 19. aldar, einkum útbreiðslu og einkennum aðkomuorða
- að kanna þróun aðkomuorða
 - að hve miklu leyti erfast þau á milli kynslóða?
 - (hvernig) laga þau sig að viðtökumálinu?
 - hvernig þróast þau?
- að auka skilning og þekkingu á eðli og framgangi málbreytinga sem stafa af utanaðkomandi áhrifum og á samspili slíkra breytinga og ytri aðstæðna í samfélaginu

Bakgrunnur/kveikjan að verkefninu

- Ákvörðun á orðfræðisviði St. Árna Magnússonar í ísl. fræðum um að leggja áherslu á gagnasöfnun úr 19. aldar máli (einkum blöð og tímarit af Tímarit.is)
- Fyrri rannsóknir á aðkomuorðum í nútímamáli, þ.á m. MIN-verkefnið ([Moderne importord i språka i Norden](#)) – samanburðarrannsókn á aðkomuorðum í Norðurlandamálum á s.hl. 20. aldar

MIN-verkefnið



Bente Selback og Helge Sandøy (red.). 2007.

Ásta Svavarsdóttir. 2008. (íslenska/ritmál)

Moderne importord i språka i Norden (Oslo: Novus)

- I. Helge Sandøy (red.) *Med 'bil' i Norden i 100 år. Ordlaging og tilpassing av utalandske ord.* (2003)
- II. Helge Sandøy och Jan-Ola Östman (red.) *"Det främmande" i nordisk språkpolitik. Om normering av utländska ord.* (2004; um D)
- III. Bente Selback og Helge Sandøy (red.) *Fire dagar i nordiske aviser. Ei jamføring av påverknaden i ordforrådet i sju språksamfunn.* (2007; um A)
- IV. Tore Kristiansen og Lars S. Vikør (red.) *Nordiske språkhaldningar. Ei meiningsmåling.* (2006; um EI)
- V. Tore Kristiansen (red.) *Nordiske sprogholdninger. En masketest.* (2006; um EIII)
- VI. Guðrún Kvaran (red.) *Udenlandske eller hjemlige ord. En undersøgelse af sprogene i Norden.* (2007; um C)
- VII. Pia Jarvad og Helge Sandøy (red.) *Stuntman og andre importord i Norden. Om udtale og bøjning.* (2007; um B2)
- VIII. Helge Omdal og Helge Sandøy (red.) *Nasjonal eller internasjonal skrivemåte? Om importord i seks nordiske land.* (2008; um B1)
- IX. Catharina Nyström Höög. *Teamwork? Man kan lika gärna samarbeta. Svenska åsikter om importord.* (2005; um EII í Svíþjóð)
- X. Jacob Thøgersen. *Det er meget godt som det er ... er det ikke? En undersøgelse af danskernes holdninger til engelsk.* (2007; um EII í Danmörku)
- XI. Hanna Óladóttir. *Shake, sjeik eller mjólkurhristingur? Islandske holdninger til engelsk språkpåvirkning.* (væntanleg – um EII á Íslandi)

Jógvan í Lon Jacobsen. *Álvaratos, who cares? Ein samfelagsmálvísindalig kanning av hugburði og nýtslu av tøkuorðum og nýggjum orðum í føroyskum.* (2008; um EII í Færeyjum – doktorsritg. Bergen)

MIN: Nýleg aðkomuorð í dagblöðum (A)

- Efniviður
 - Dagblaðatextar frá 1975 og 2000
- Aðferðir
 - Lengd texta reiknuð/áætluð
 - Dæmi um “nýleg aðkomuorð” afmörkuð/afrituð
 - Bein aðkomuorð (t.d. *fax*) og blendingar (t.d. *frílansvinna*)
 - EN ÞÓ EKKI nöfn eða skammstafanir
 - Upplýsingar um textasamhengi skráðar
 - **Textategund** (auglýsingar vs. ritstjórnartexti ásamt undirflokkun)
 - **Efnissvið** (innan tegunda, t.d. bílaauglýsingar, menningarefni)
 - Upplýsingar um orðin
 - **Uppruni** (veitimál)
 - **Orðflokkur**

MIN: Hvað er “nýlegt aðkomuorð”?

- **aðkomuorð** (importord) er orð sem á uppruna í öðru máli en því sem verið er að skoða – óháð því hvort eða hversu mikið það hefur aðlagast viðtökumálinu (t.d. bæði *foodprocessor* og *tékki* (e. *check*))
- ”nýlegt” þýðir í þessu samhengi að orðið sé yngra en frá ca 1945 í viðtökumálinu

MIN: Íslenskir dagblaðatextar

- 1975
 - *Dagblaðið* (8. sept.)
 - *Dagur* (3. sept.)
 - *Morgunblaðið* (8. apr.)
 - *Tíminn* (3. apr.)
 - *Vísir* (4. apr.)
- 2000
 - *Dagur* (6. sept.)
 - *DV* (6. apr.)
 - *Morgunblaðið* (9. apr.)
- Alls um 300 þús. lesmálsorð

MIN:

Heildarniðurstöður fyrir íslensku

Fjöldi dæma um aðkomuorð	Fjöldi aðkomuorða (lexem)	Heildarfjöldi lesmálsorða	Dæmi um aðkomuorð af hverjum 10.000 orðum
507	301	298.712	17

- 93% dæma eru nafnorð og 5% eru lýsingarorð
- Um 70% nýlegra aðkomuorða eru úr ensku

(Selback & Sandøy 2007)

MIN: Niðurstöður (íslenska)

Textategund	Fjöldi dæma um aðkomuorð	Fjöldi aðkomuorða	Heildarfjöldi lesmálsorða	Dæmi um aðkomuorð í hverjum 10.000 orðum
Auglýsingar	258	145	45 625	57
Ritstjórnartexti	249	169	253 087	10
Alls	507	314	298 712	17

- Auglýsingar eru um 15% efnisins (en t.d. 42% í norskum og 45% í sænskum textum)

(Selback & Sandøy 2007)

MIN:


Niðurstöður eftir aldri texta (íslenska)

<i>Ár</i>	<i>Fjöldi dæma um aðkomuorð</i>	<i>Fjöldi aðkomuorða</i>	<i>Heildarfjöldi lesmálsorða</i>	<i>Dæmi um aðkomuorð í 10.000 orðum</i>
2000	401	242	193 208	21
1975	106	71	105 504	10
Alls	507	313	298 712	17

(Selback & Sandøy 2007)

MIN:

Niðurstöður eftir aldri og tegund texta



MIN (B1):

Skipting aðkomuorða eftir árum og blöðum

Blað	1975	2000	Alls
Dagblaðið	12	—	12
Dagur	4	19	23
DV	—	122	122
Morgunblaðið	23	217	240
Tíminn	32	—	32
Vísir	29	—	29
<i>Alls</i>	<i>100</i>	<i>358</i>	<i>458</i>

(Ásta Svavarsdóttir 2008)

MIN: Morfólógísk aðlögun (yfirlit)

	Aðlöguð aðkomuorð			Aðkomuorð með hlutlaust form (neutrale)			Orð með framandi form	Alls	Frasar/ kóðavíxl
	A	B	C	D	E	F	G		
N	121	23	113	10	80	82	7	436	22
%	28	5	26	2	18	19	2	100	
N	257			172			7		
%	59			39			2		

(Ásta Svavarsdóttir 2008)

MIN: Morfólógísk aðlögun (skýringar)

- Aðlöguð aðkomuorð
 - A: Blendingsorð með aðfenginn fyrri lið
 - *terelynebuxur, zoomlinsa*
 - B: Blendingsorð með aðfenginn seinni lið
 - *gasgrill, bókmenntaelíta*
 - C: Orð með ísl. viðskeyti, endingu og/eða ákveðinn greini
 - *póstmóðernísk, alternatorar, hassið*
- Hlutlaus aðkomuorð
 - D: Orð með beygðan fylgilið (morfósyntaktísk aðlögun)
 - *mikill fókus, rosalegt kikk*
 - E: Engin morfólógísk eða setningarleg merki (hlutlaus)
 - *sexí undirföt, (spá í) Tarot*
 - F: Ekkert setningarsamhengi (listar o.þ.h.)
- Óaðlöguð aðkomuorð
 - G: Orð með framandi beygingarendingu eða endingarlaus þar sem búast mætti við endingu
 - *(vinna) “double”, (með) spoiler kit*

MIN: Aðlögun í rithætti (yfirlit)

	Aðlagaður ritháttur	Hlutlaus ritháttur (neutral)	Framandi ritháttur		Frasar/ kóðavíxl
	A	B	C	Alls	D
N	209	106	121	436	22
%	48	24	28	100	

(Ásta Svavarsdóttir 2008)

Aðkomuorð í lok 19. og 20. aldar

- Rannsókn á aðkomuorðum í 19. aldar textum
- Efniviður og aðferðir sniðnar eftir MIN-verkefninu eftir því sem kostur er
- Skrá og greina dæmi um “nýleg aðkomuorð” (eftir ca. 1845) á sambærilegan hátt og gert var í MIN
- Bera saman niðurstöður við niðurstöður úr MIN
 - Fyrirferð aðkomuorða í textum og textategundum
 - Uppruna og helstu einkenni aðkomuorðanna
 - Aðlögun
- Skoðan þróun orða frá 19. til 20. aldar (?)

Aðkomuorð á 19. öld: Efniviður

- Blöð (og tímarit) úr rafrænu safni Lbs.-Hbs. á Tímarit.is
- Textar frá árunum 1875 og 1900
- Blöð sem líkjast sem mest nútímadagblöðum
 - fjölbreytt efni (fréttir og þjóðmál, auglýsingar...) – “landsmálablöð” (sbr. Þórunni Valdimarsdóttur 2002)
 - skrifuð/gefin út víða um land
- U.þ.b. 300 þús. lesmálsorð
 - tölublöð (miklu) minni á 19. öld og því fleiri en í MIN-verkefninu

Aðkomuorð á 19. öld:

Verkpættir og aðferðir

- Velja og sækja texta í gagnagrunn Lbs.-Hbr.
- Leiðréttu textana (vélrænt og/eða handvirkt)
- Dæmi um texta beint úr gagnagrunni:

Go o d t e m p 1 a r-s t ú k a n „Gefn“á Vestdalseyri hefir nú fengið sérágætt harmonium frá Oornishverksmiðjunni. og var það vígt á sunnu-dagiun á fiö]«óttum stúkufundi, ogeptir fund leikið á hljóðfærið stundar-korn við fjörugan daus. Síðar mimverð;) miklu meira um sö:i? í stúkunuieptir fundi og pá leikið á hljóðfærið,og verður það bezta skemmtun fyri rm e ð 1 i m i n a.E r i ð r i k W a t h n e og frú hanshéldu jökitré á nýárskvöld fyrirbörn á Búðareyri.Jól a t r é halda flestn_r heldri konurá Búðareyri og Fjarðariddti fyrir börníní peim híutum bæjarins í bindindis-húsinu í kvöld.Víkingur ókominn að norðan enn.

(úr [Austra á Seyðisfirði 1900](#))

- Skráning og frágangur textanna

Aðkomuorð á 19. öld: Verkþættir og aðferðir (2)

- Sundurgreining textanna eftir efni o.fl.
- Afmörkun og merking aðkomuorða í textunum
 - Reynt að beita hálfvélrænni greiningu eftir því sem hægt er
- Tölfræðilegar niðurstöður um hlutfall aðkomuorða í textunum o.fl. (sbr. A-hluta MIN-verkefnisins)
 - Hversu mikið er hlutfallslega af aðkomuorðum?
 - Hvernig skiptast þau eftir orðflokjum?
 - Hver eru helstu veitimál? Hvert er hlutfall hvers veitimáls?
 - Hver eru tengslin milli hlutfallslegs fjölda aðkomuorða og samhengis (textategund, efni o.s.frv.)?
 - Er munur á hlutfallslegum fjölda aðkomuorða eftir aldri texta eða uppruna?

Dæmi um greiningu í MIN

<tekst

avis=MB

dato=20000909

side=14

stoffområde=(pfh, na)

pragmatikk=>

<overskrift>

Aðalvandamál er ónákvæm skilgreining hugbúnaðar

</overskrift>

...

<brødtekst>

PEKKA Kess, prófessor við háskólann í Oula í Finnlandi og fyrirlesari á sömu ráðstefnu, tekur undir það með David Parnas að hinn hraði tölvugeiri skili iðulega af sér ekki nógu góðum vörum. "Þetta er ört vaxandi iðnaður þar sem fólk er oft að flýta sér mikið. Það hefur líka verið mikill **{fókus (e, s)}\<fókus>(e, s)\<focus>(e, s)}** á nýrri tækni þannig að ýmsir aðrir hlutar í hönnunarferli hafa orðið út undan. Þetta eru sömu vandamálin sem koma upp sí og æ því ekki hefur gefist tími til að lagfæra þau."

...

Aðlögun aðkomuorða á 19. öld

- Greining aðkomuorðanna eftir formlegum einkennum
 - ritháttur
 - orðmyndunarlegir og beygingarlegir þættir
- Úrvinnsla og tölfræðileg greining
 - Hvert er hlutfall aðlagaðra og óaðlagaðra mynda?
 - Eru tengsl eru á milli aðlögunar í rithætt og morfólógískrar aðlögunar? Hvort kemur á undan?
 - Hvaða þættir hafa áhrif á aðlögun? Uppruni (veitimál), aldur, formleg einkenni o.s.frv.?

Samanburður á gögnum og niðurstöðum

- Eru aðkomuorð fleiri eða færri hlutfallslega í 19. aldar textum en í textum frá 20. öld?
- Skiptast þau á áþekkan hátt milli tímabila, textategunda o.s.frv.?
- Skiptast þau á áþekkan hátt eftir uppruna, orðflokki o.fl.?
- Aðlagast þau í svipuðum mæli og á líkan hátt?
- Hefur veitimál áhrif á aðlögun (hvort og hvernig)?
- Hefur aldur orðanna áhrif á aðlögun þeirra?
- Hefur form og/eða merking og/eða önnur einkenni orðanna áhrif á aðlögun þeirra?
- o.s.frv.

Önnur (hugsanleg) athugunarefni

- Þróun aðkomuorða og geymd
 - Hvað verður um 19. aldar orðin? Eru dæmi um þau í 20. aldar text(un)um?
 - Halda þau áfram að laga sig að íslensku? Er munur á orðum að því leyti? Hver og hvers vegna?
- Áhrif ytri þátta
 - Staða tungumálsins í samfélaginu
 - Samfélagsgerð
 - Tengsl við veitimálið/-in: Eru þau mikil eða lítil? Bein eða óbein? Hvers eðlis? o.s.frv.

Verkáætlun (í stórum dráttum)

- 2010 (19. öld):
 - Efnisval og efnisöflun
 - Úrvinnsla og merking texta
 - Tölfræðileg úrvinnsla 1: hlutfallslegur dæma-/orðafjöldi
- 2011 (19. öld):
 - Tölfræðileg úrvinnsla 2: fjöldi dæma/orða í samanburði við aldur, textategund o.þ.h.
 - Greining m.t.t. aðlögunar orðanna
 - Tölfræðilegt yfirlit m.t.t. aðlögunar
- 2012 (19. og 20. öld):
 - Samantekt og túlkun á niðurstöðum
 - Samanburður (gagna og niðurstaðna)
 - Birting

Heimildir

Ásta Svavarsdóttir. 2008. "Staffið er megakúl". Om tilpasning af moderne importord i islandsk skriftspråk. Í: Omdal, Helge & Helge Sandøy (red.), *Nasjonal eller internasjonal skrivemåte? Om importord i seks nordiske sprogsamfund*, bls. 21-48. (Moderne importord i språka i Norden VIII.) Oslo: Novus.

Selback, Bente & Helge Sandøy (red.). 2007. *Fire dagar i nordiske aviser. Ei jamføring av påverknaden i ordforrådet i sju språksamfunn*. (Moderne importord i språka i Norden III.) Oslo: Novus.

Tímarit.is. www.timarit.is.

Þórunn Valdimarsdóttir. 2002. *Horfinn heimur. Árið 1900 í nærmynd*. Reykjavík: Sögufélag.